

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 05.06.2020

Fundur 4-2020

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar föstudaginn 5. júní 2020 í Skagabúð kl. 9:00

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2019, seinni umræða
2. Kynning á öryggisúttektum vega á Norðurlandi vestra, á Blönduósi 9. júní
3. Persónuvernd - PACTA
4. Kynning á breytingu á aðalskipulagi Blönduósbæjar
5. Jafnréttisáætlun
6. Sorpmál
7. Samningur um snjómokstur
8. Kálfshamarsvík
9. Bréf og fundargerðir:
 - a) Bókun frá SSNV vegna áhrifa Covid-19 á fjárhagsstöðu sveitarfélaga
 - b) Erindi frá stjórn SSNV vegna viðbyggingar við verknámshús FNV
 - c) Styrkbeiðni frá USAH
 - d) Fundargerðir frá stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins
10. Önnur mál

Afgreiðsla:

1. Ársreikningur 2019, seinni umræða

Ársreikningur fyrir árið 2019 lagður fram til seinni umræðu. Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2019 voru 120,4 milljónir króna en voru 87,4 milljónir 2018. Hækkun milli ára nemur 37,7%. Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 24,1 milljón króna í samanburði við kr. 1,1 milljón neikvæða afkomu árið 2018.

Hagnaður varð af rekstri A hluta fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld að fjárhæð kr. 25,8 millj. samanborið við 10 milljón kr. hagnað skv. fjárhagsáætlun. Afkoma samstæðu sveitarfélagsins var kr. 13,6 millj. hagstæðari en áætlun gerði ráð fyrir.

Heildareignir sveitarfélagsins námu í árslok kr. 134 millj. og eigið fé var um kr. 115 millj.

Oddviti lagði til að áfram yrði óskað eftir samstarfi við Enor varðandi endurskoðun. Var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Kynning á öryggisúttektum vega á Norðurlandi vestra, á Blönduósi 9. júní

Sveitarstjórnarmenn eru hvattir til að mæta á kynningarfundinn,

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 05.06.2020

Fundur 4-2020

3. Persónuvernd - PACTA

Sveitarfélög í Húnavatnssýslum fengu kynningu á starfi PACTA í persónuverndarmálum.

Oddviti leggur til að Skagabyggð verði í samstarfi við önnur sveitarfélög í Húnavatnssýslum um persónuvernd í umsjá PACTA.

Er það samþykkt samhljóða.

4. Kynning á breytingu á aðalskipulagi Blönduósbæjar

Fyrir fundinum lágu gögn frá Blönduósbæ varðandi breytingu á deiliskipulagi Blönduósbæjar.

Gögnin lögð fram til kynningar.

5. Jafnréttisáætlun

Sveitarfélagið þarf að setja sér jafnréttisáætlun og hefur jafnréttisnefnd verið boðuð til að funda um gerð hennar.

6. Sorpmál

Fyrir fundinum lá minnisblað um sorpmál. Rætt um sorpmál almennt og þau úrræði sem sveitarfélagið hefur varðandi þau.

Fræðslufni verður sent á íbúa sveitarfélagsins um flokkun sorps.

7. Samningur um snjómokstur

Undir þessum lið véc Magnús Björnsson af fundi.

Sveitarfélaginu bárust þrjú tilboð í snjómokstur innan sveitarfélagsins eftir að óskað var eftir tilboðum í lokuðu útboði. Ákveðið hefur verið að ganga ekki að þeim tilboðum. Á fundinum var ákveðið að ganga til samninga við Magnús Jóhann Björnsson og Grunney samkvæmt fyrirbyggjandi samningsdrögum.

8. Kálfshamarsvík

Rætt um málefni Kálfshamarsvíkur.

9. Bréf og fundargerðir:

a) Bókun frá SSNV vegna áhrifa Covid-19 á fjárhagsstöðu sveitarfélaga
Lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn Skagabyggðar tekur heilshugar undir bókun SSNV varðandi nauðsynlegan stuðning við sveitarfélögin.

b) Erindi frá stjórn SSNV vegna viðbyggingar við verknámshús FNV
Sveitarstjórn Skagabyggðar tekur vel í erindið og samþykkir að taka þátt í viðbyggingu við verknámshús FNV með fyrirvara um þáttöku ríkisins og allra aðildarsveitarfélaga FNV ásamt fyrirvara um endanlegan kostnað.

c) Styrkbeiðni frá USAH

Samþykkt að styrkja USAH um 50.000 krónur vegna útgáfu Húnavöku.

d) Fundargerðir frá stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 05.06.2020
Fundur 4-2020

Lagðar fram til kynningar.

10. Önnur mál

Girðingarmál rædd.

Ágangur hrossa á heimalönd ræddur.

Rætt um grenjavinnslu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt
Fundu slitið kl. 12:10.

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Karen Helga R Steinsdóttir

Magnús Guðmannsson

Kristján Steinar Kristjánsson